

Persónuverndarstefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Landsvirkjun hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga. Sérstök áhersla er lögð á persónuupplýsingar sem unnið er með innan félagsins, s.s. um starfsmenn fyrirtækisins og um umsækjendur um störf hjá fyrirtækinu. Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefna þessi er byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“) og gildir um alla starfsemi Landsvirkjunar þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram af hálfu fyrirtækisins eða fyrir þess hönd.

3. Skilgreiningar á helstu hugtökum málaflokksins

„**Ábyrgðaraðili**“ er sá aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra, tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Landsvirkjun kemur fram sem ábyrgðaraðili í tengslum við þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað hjá félaginu.

„**Persónuupplýsingar**“ eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („**hinn skráða**“) svo sem nafn, bankaupplýsingar, kennitala, staðsetningargögn, netauðkenni, eða upplýsingar um einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti. Þær persónuupplýsingar sem Landsvirkjun vinnur með eru einkum starfsumsóknir, starfsmannaupplýsingar, upplýsingar um fyrrverandi starfsmenn, tengiliðaupplýsingar viðskiptavina, birgja, verktaka, hagsmunaaðila og annarra sem eru í samskiptum við félagið, sem og upplýsingar úr samskiptasögu félagsins við þessa aðila.

„**Viðkvæmar persónuupplýsingar**“ eru upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, heimspekilega sannfæringu, stéttarfélagsaðild, heilsufar, þ.m.t. upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, upplýsingar um kynlíf og kynhneigð manna, erfðafræðilegar upplýsingar og lífkennaupplýsingar. Landsvirkjun móttekur og varðveitir viðkvæmar persónuupplýsingar í starfsmannahaldi sínu, s.s. um stéttarfélagsaðild og heilsuhagi starfsfólks.

„**Vinnsla**“ er aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan sjálf er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging. Hvers konar meðferð á persónuupplýsingum sem Landsvirkjun safnar eða fær til sín fellur þannig undir hugtakið vinnsla. Það eitt að vista persónuupplýsingar, hafa aðgang að þeim eða eyða þeim telst vinnsla.

„**Vinnsluaðili**“ er einstaklingur eða lögaðili, sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila. Ef þriðji aðili vinnur persónuupplýsingar fyrir hönd og eftir fyrimælum Landsvirkjunar er sá þriðji aðili vinnsluaðili. Vinnsluaðilar eru einkum upplýsingatæknifyrirtæki sem veita tölvuþjónustu, s.s. hýsingu, umsjón, viðhald o.fl., og markaðs- eða samskiptafyrirtæki sem vinna persónuupplýsingar fyrir hönd Landsvirkjunar. Þá geta ráðningarskrifstofur jafnframt komið fram sem vinnsluaðilar.

„**Öryggisbrestur**“ er brestur á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögþættar eyðingar persónuupplýsinga, sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt, eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Persónuverndarstefna Landsvirkjunar

4. Stefna

Það er stefna Landsvirkjunar að uppfylla í hvívetna persónuverndarlög og tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins. Þeir starfsmenn fyrirtækisins sem vinna með persónuupplýsingar hafa greiðan aðgang að greinargóðum leiðbeiningum sem og beinan aðgang að persónuverndarfulltrúa fyrirtækisins. Landsvirkjun setur sér einnig skýrar verklagsreglur sem útlista rétt viðbrögð ef öryggisbrestur verður við meðferð persónuupplýsinga sem og reglur um rafræna vöktun fyrirtækisins. Markmiðið er ávallt örugg vinnsla persónuupplýsinga.

5. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

5.1. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á framkvæmd persónuverndarstefnu þessarar.

Innleiðing persónuverndarstefnu er í samræmi við persónuverndarlög. Við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar er lögð rík áhersla á samráð og samvinnu við starfsfólk Landsvirkjunar, þvert á fyrirtækið, þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram. Fulltrúar sviða og deilda koma að gerð, eftirliti og breytingum á vinnsluskrá fyrirtækisins og nauðsynleg fræðsla er veitt starfsmönnum.

Forstjóri skal hafa eftirlit með því að önnur gæðaskjöl Landsvirkjunar séu í samræmi við persónuverndarstefnu þessa og sjá til þess að breytingar verði gerðar á gildandi verklagsreglum í samstarfi við viðkomandi svið, ef um ósamræmi er að ræða.

5.2. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur og virkni stefnunnar eru m.a.:

- Fjöldi öryggisbresta.
- Athugasemdir og sektargerðir Persónuverndar.

5.3. Upplýsingagjöf

Persónuverndarfulltrúi fyrirtækisins upplýsir forstjóra og framkvæmdastjórn árlega um niðurstöðu mælikvarða, og þau málefni sem snerta fyrirtækið er varðar persónuvernd. Forstjóri upplýsir stjórn Landsvirkjunar eigi sjaldnar en þriðja hvert ár um mælikvarða og virkni stefnunnar og oftast ef þurfa þykir.

6. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

7. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

22.10 2021

Stjórn Landsvirkjunar

